

Stjórnendur Milestone skulda Glitni 10 milljarða vegna hlutabréfakaupa

Rákungur, eignarhaldsfélag í eigu forstjóra, aðstoðarforstjóra og starfsmanns Milestone, skuldar Glitni um 10 milljarða króna, vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum á fyrri hluta ársins 2008.

[<http://www.dv.is/frettir/2010/2/1/rakungur-var-brefberi-glitnis-skulda-10-milljarda/> DV greinir frá þessu í dag] en um er að ræða kaup á 2% hlut. Félög í eigu Guðmundar Ólasonar, Jóhannesar Sigurðssonar og Arnars Guðmundssonar, eru hluthafar Rákungs. DV segir að Glitnir munu haft frumkvæði að kaupunum og fjármagnað þau. Líklegt er talið að bréfin hafi verið í eigu bankans sjálfs.

Rákungur var tólfthi stærsti hluthafi Glitnis við fall bankans í október 2008. Þriðji stærsti hluthafi Glitnis var eignarhaldsfélagið Þáttur International með nærri sex prósentu eignarhluta. Það félag var í eigu Karls og Steingríms Wernerssona, eigenda Milestone.